



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Mat á jafnréttisáhrifum stjórnarfrumvarpa

Áfangaskýrsla I

Áfangaskýrsla fyrir meginmálaflokk forsætisráðuneytið í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið verður unnið á þremur árum og lokaskýrsla verður tilbúin árið 2014. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu fyrsta áfanga verkefnisins.

15. júní 2012

Samantekt

Verkefnið er að skrifa kafla í handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa sem fjalli um verklagsreglur við mat á jafnréttisáhrifum lagafrumvarpa ásamt viðmiðum og sjónarmiðum sem vera skulu til grundvallar matinu. Auk þess að útbúa kennslu- og kynningarefni sem miðar að því að þjálfa starfsmenn ráðuneyta sem koma að samningu lagafrumvarpa í mati á kynjaáhrifum sem og starfsmenn lagaskrifstofu forsætisráðuneytisins. Að undanfögnu hefur verið aflað gagna frá löndum sem standa framarlega á þessu sviði ásamt því að greina það efni sem til er hér á landi um málefnið.

Um verkefnið

Verkefni/meginmálaflokkur	Mat á jafnréttisáhrifum stjórnarfrumvarpa	Dags	15. júní 2012
Lýsing verkefnis	Skrifa kafla í handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Kaflinn fjalli um verklagsreglur við mat á jafnréttisáhrifum lagafrumvarpa ásamt viðmiðum og sjónarmiðum sem vera skulu til grundvallar matinu. Auk þess að útbúa kennslu- og kynningarefni sem miðar að því að þjálfa starfsmenn ráðuneyta sem koma að samningu lagafrumvarpa í mati á kynjaáhrifum sem og starfsmenn lagaskrifstofu forsætisráðuneytisins.		
Markmið verkefnis	<ul style="list-style-type: none">- Gætt sé jafnréttissjónarmiða við undirbúning og samningu stjórnarfrumvarpa.- Verklag og viðmið við jafnréttismat festist í sessi innan ráðuneyta.- Starfsmenn ráðuneyta, sem koma að samningu stjórnarfrumvarpa fái þjálfun í beitingu jafnréttissjónarmiða.- Mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa á jafnrétti kynja fylgi stjórnarfrumvörpum við framlagningu á Alþingi.- Færni löggjafarskrifstofu forsætisráðuneytisins við mat á jafnréttisáhrifum stjórnarfrumvarpa sé til staðar.		
Jafnréttismarkmið verkefnis	Markmið verkefnisins er að lagafrumvörp stuðli ekki að misrétti kynjanna		

Greining og niðurstöður

Í samræmi við verkáætlun hefur forsætisráðuneytið aflað gagna sem fjalla um hvernig staðið er að mati á kynjaáhrifum lagafrumvarpa í þeim löndum sem standa framarlega á þessu sviði. Í samstarfi við Herdísí Sólborgu Haraldsdóttur, nema í Opinberri stjórnsýslu í Háskóla Íslands var unnin skýrsla um viðfangsefnið. Er þar fjallað um aðferðafræði Finna í leiðarvísi þeirra um mat á áhrifum lagafrumvarpa sem og handbók þeirra um sama efni. Þá er einnig fjallað í skýrslunni um handbók Evrópusambandsins um mat á jafnréttisáhrifum. Þá hefur ráðuneytið aflað gagna frá Jafnréttisstofu. Nánar tiltekið, gátlista sem stofnunin vann tillögu að fyrir Velferðarráðuneytið og finna má í minnisblaði Jafnréttisstofu frá 10. apríl þ.á. Einnig þar er litið til Finnlands eftir fyrirmynd auk þess sem litið er til fyrirmynda í Danmörku sem og bæklings sem Oxfam vann sem nefnist We are strong together. Í viðauka með minnisblaðinu er að finna spurningar sem byggja á fyrrnefndum bækling og nýtast mun við ákvörðun um hvernig standa beri að mati á jafnréttisáhrifum stjórnarfrumvarpa á Íslandi.

Næstu skref eru að greina það efni frekar sem þegar hefur verið aflað sem og að skoða fleiri fyrirmyndir og gögn sem um málefnið fjalla. Í kjölfar þess verður mörkuð stefna um þá leið sem farin verður við mat á jafnréttisáhrifum stjórnarfrumvarpa hér á landi.